

## Dalaveitur ehf. 31. fundur.

---

Fimmtudaginn 17. september 2020 var haldinn stjórnarfundur og hófst hann kl. 10:08. Fundurinn var fjarfundur.

Mætt voru: Skúli Guðbjörnsson, Þuríður Jóney Sigurðardóttir, Einar Jón Geirsson (varafulltrúi) og Kristján Sturluson.

Einnig sat fundinn Kristján Ingi Arnarsson, umsjónarmaður framkvæmda hjá Dalabyggð og verkefnisstjóri Dalaveitna.

### Dagskrá:

#### 1. 1902021 – Framkvæmdir 2019.

Farið yfir stöðu varðandi tengingar og lagningu ljósleiðara frá Ólafsdal inn í botn Gilsfjarðar.

*Fyrir liggur verðtilboð frá verktaka. Samkomulag liggur fyrir við Reykhólahrepp í tölvupóstsamskiptum um að kostnaður skiptist til helminga milli Reykhólahrepps og Dalaveitna.*

*Verkefnisstjóri mun að fela verktaka að fara í verkið.*

*Samþykkt samhljóða.*

#### 2. 2005041 – Framkvæmdir 2020

Lagning ljósleiðara yfir Svínadal skv. “Ísland ljóstengt, aukaúthlutun 2020”.

*Verkið er u.þ.b. að klárast. Strengurinn er komin í jörðina en eftir ein mülun og ýmiss frágangur.*

*Einnig rætt um tímasetninga verkloka vegna þriggja langra heimtauga.*

#### 3. Fundur með Vodafone.

Fjarfundur var haldinn með Vodafone 10. september kl. 10.

*Fundinn sátu fyrir hönd Dalaveitna Skúli Hreinn Guðbjörnsson, Kristján Sturluson og Kristján Ingi Arnarsson og fyrir hönd Vodafone Sigurbjörn Eiríksson og Sigurbjörn Birkir Lárusson*

*Rætt um svar Dalaveitna til Vodafone vegna tenginga við Hörðuból. Ákveðið að ræða saman aftur eftir að rætt hefur verið við Fjarskiptasjóð og Póst- og fjarskiptastofnun.*

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:22.

Fundargerð ritaði Kristján Sturluson.

Fundarmenn staðfestu fundargerð með tölvupóstum.